

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um stjórnvaldssektir og dagsektir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjöldi ákvarðana um stjórnvaldssektir annars vegar og dagsektir hins vegar í þeim stofnunum sem heyrðu undir ráðherra á árabílinu 2011–2018?*
2. *Hversu margar voru þolendur ákvarðananna, skipt í einstaklinga og lögaðila?*
3. *Hver var upphæð sektanna í einstökum tilfellum og heildarupphæðir þeirra á hverju ári?*
4. *Hversu margar þessara sekta voru innheimtar, hversu margar voru felldar niður eða lokið með öðrum hætti? Hversu mörgum þeirra var skotið til æðra stjórnvalds og hver voru afdrif málsins?*

Leitað var svara hjá Sjúkratryggingum Íslands, embætti landlæknis, Geislavörnum ríkisins, Lyfjastofnun, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Stofnanirnar sem leitað var svara hjá hafa ekki tekið ákvarðanir um stjórnvaldssektir eða dagsektir á árunum 2011–2018.